



Sjúkraliðafélag Íslands
Suðurlandsdeild



Skýrsla Suðurlandsdeildar 2017-2018



Stjórn Suðurlandsdeildar 2018-2019

Ágætu sjúkraliðar!

Mér finnst síðasta starfsár Suðurlandsdeildarinnar hafa liðið ótrúlega hratt. Viðburðaríkt og skemmtilegt starfsár.

Það hófst með aðalfundi 2. nóvember 2017 í Rauða húsinu, Eyrarbakka. Þar höfum við oft komið saman og kunnum alltaf vel við okkur, góð þjónusta og veitingar á góðu verði. Júlíana Kristjánsdóttir stýrði fundi. Formaðurinn Helga S. Sveinsdóttir gaf kost á sér áfram sem formaður og komu engin mótframboð. Formaður kjörstjórnar, Þóra Bjarney Jónsdóttir, kom í pontu og greindi frá kjörinu. Þrjár voru búnar með kjörtímann í stjórn en gáfu allar kost á sér áfram og voru kosnar, þær Margrét Auður Óskarsdóttir, Kristín Laxdal Guðmundsdóttir og Kolbrún Á. Jónsdóttir. Í skemmtinefnd næsta árið voru sjúkraliðar á Lundi kosnir. Í kjörstjórn gáfu allir kost á sér áfram, þær Þóra Bjarney Jónsdóttir, Guðbjörg Stefánsdóttir og Eyrún Sigurðardóttir. Skoðunarmenn reikninga voru einnig endurkjörnir, þær Guðrún Ágústsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Suðurlandsdeildin hefur kost á að senda tvo fulltrúa á fulltrúapíngið í maí 2018, kosningu fá Helga S. Sveinsdóttir og Margrét Auður Óskarsdóttir. Gestur á fundinum var Birna Ólafsdóttir frá SLFÍ og fór hún yfir menntamál sjúkraliða og fagháskólann sem stefnt er að á Akureyri. Síðustu skemmtinefnd, sjúkraliðar á hjúkrunarheimilinu Ási, var þakkað fyrir sín störf og sendar með glaðning á Ás.

Evrópudagurinn 26. nóvember var haldinn hátíðlegur á HSU og vonandi líka á öðrum vinnustöðum. Á HSU var boðið í vöfflukaffi og litlum borðum með köflóttum dúkum raðað

upp og sköpuð kaffihúsastemmning. Samstarfsfólk allstaðar að úr húsinu lagði leið sína til okkar í morgunkaffi sem og gestir og heimilisfólk öldrunardeildanna og legudeildar.

Þrír félagsstjórnar fundir hafa verið sóttir, líka fulltrúaþingið í maí og trúnaðaráðsfundur í september. Stjórnin fundaði og notaði einnig samskiptamiðlana til samskipta.

Fræðslunetið hélt námskeið bæði á haust- og vorönn fyrir sjúkraliða. Síðan fóru tvær úr stjórn, eins og venjan er, á hátíðarfund Fræðslunetsins og háskólasamfélagsins í janúar síðastliðinn. Þar er Forseti Íslands sérstakur gestur og afhendir styrki. Þar var flutt kynning á styrktarverkefni sem lokið er, skemmtileg stund og fróðlegt að hlíða á.

Trúnaðarmenn voru kallaðir á fund í mars. Mikilvægur vettvangur til að skiptast á skoðunum og fá upplýsingar.

SLFÍ er orðið virkur þátttakandi í hátíðarhöldunum 1. maí. Farið var í kröfugöngu og hlýtt á dagskrá á Hótel Selfossi.

Í vor útskrifaðist einn sjúkraliði frá FSU. Á brautinni er nú tíu manna hópur sem áætlað er að útskrifist um jólin 2019. Fleiri byrjuðu námið upphaflega en alltaf er eitthvað um brottfall. Við fögnum öllum útskrifuðum sjúkraliðum.

Formaður fór á nokkra fundi á HSU vegna stofnanasamningana sem eru alltaf í þróun.

Evrópuráð sjúkraliða, EPN, var með ráðstefnu í tengslum við aðalfund sinn í Færeyjum í júní. Formaður sótti ráðstefnuna og var gaman að sækja Færeyjar heim.

Orlofsnefnd SLFÍ hefur fjárfest í tveimur orlofshúsum á Akureyri. Þau eru fyrir ofan bæinn á leið upp að Hlíðarfjalli og eru glæsileg. Opið hús var í október þar sem sjúkraliðar gátu komið og skoðað þau. Formanni gafst kostur á að fara og getur mælt eindregið með þessum glæsilegu húsum og aðstöðu.

Haustferð Reykjavíkurdeildarinnar til Vestmannaeyja var farin í ágúst. Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild og Vesturlandsdeild eru aðilar að þessari ferð og alltaf einhverjir sem nýta sér að fara með. Stórskemmtileg ferð og er stefnan sett á Þórsörk á næsta starfsári. Félagar okkar í Vestmannaeyjum ætla jafnvel að slást í hópinn.

Nú er nýlokið þingi BSRB þar sem stefna bandalagsins var mörkuð til næstu þriggja ára. Ánægjulegt að segja frá því að nýr formaður SLFÍ var kosinn í stjórn BSRB. Gott að hafa öflugan talsmann í aðalstjórn þar.

Þetta er annað árið sem við þrífum orlofsíbúð á vegum SLFÍ í fjáröflunarskini. Fóru þrír félagsmenn í Fellsmúlan í byrjun maí að þrifa. Einnig bauðst okkur að þrifa Kiðjaberg 2 og fóru nokkrar í það verk. Hægt er að gera þetta að skemmtilegu verki og nýta bústaðinn í leiðinni. Helst þarf þetta að dreyfast á nokkrar hendur því ekki endist alltaf sama fólkið í þessu. Peningarnir sem koma inn á félagsreikninginn nýtast síðan vonandi í ferðalög með deildinni. Nú er t.d. aðeins eitt og hálf ár í 40 ára afmæli deildarinnar og rétt að fara að skipuleggja það.

Formannsskipti hjá SLFÍ voru á árinu og lét Kristín Á. Guðmundsdóttir af störfum á fulltrúabinginu í maí. Við tók Sandra Bryndísardóttir Frank. Suðurlandsdeildin þakkar Kristínu fyrir frábæra forystu síðustu 30 árin og óskar nýjum formanni velfarnaðar.

Ég vil þakka öllum sem hafa lagt fram vinnu fyrir deildina og félagið sitt. Gott er að leita til skrifstofunnar á Grensásveginum og er hún opin öllum sjúkraliðum með sínu frábæra starfsfólki.

29. október. 2018.

Helga S. Sveinsdóttir

formaður Suðurlandsdeildar